

2003090037

7512; 9310

Vegagerðin
Sveinn Sveinsson, deildarstjóri
Búðareyri 11
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 15. október 2003

/--

Efni: Hringvegur, Vegaskarð-Langidalur, Norður Héraði. Ákvörðun um matskyldu.

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 11. september 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt lagning kafla Hringvegar frá Vegaskarði að Langadal samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits sveitarstjórnar Norður-Héraðs, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá sveitarstjórn Norður-Héraðs með bréfi dags. 8. október 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 30. september 2003, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 29. september 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 7. október 2003.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 9. október 2003.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í lagningu tæplega 12 km vegarkafla Hringvegar úr Vegaskarði í Langadal, Norður-Héraði ásamt efnistöku. Á 9,7 km kafla verður um nýbyggingu að ræða en á tæplega 2,2 km kafla verður núverandi vegur endurbyggður. Mesta fjarlægð fyrirhugaðs vegar frá núverandi vegi verður um 950 m.

Í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að tilgangur fyrirhugaðrar framkvæmdar sé að bæta vegasamband á Hringvegi milli Norður- og Austurlands m.a. með því að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á svæðinu. Fyrirhugaður vegur verði snjóléttari en núverandi vegur, rúmlega 7 m á breidd, með bundnu slitlagi og hannaður fyrir 90 km/klst hámarkshraða. Fram kemur að núverandi vegur frá Vegaskarði að Langadal sé burðarlítill malarvegur og þoli illa þá umferð sem um hann fari. Hann sé lítið uppbyggður, með

blindhæðum og kröppum beygjum á köflum og oft á tíðum snjóþungur og sé veghalli 10-11% á köflum. Núverandi vegur uppfylli ekki kröfur Vegagerðarinnar um öryggi vegfarenda. Fram kemur að niðurstöður athugana á útfærslu vegarins hafi leitt til þess að 4 veglínur hafi verið bornar saman. Veglína A fylgi núverandi vegi best en bæti umferðaröryggi minnst. Hún sé lengst, með fremur kröppum beygjum og með töluverðum halla. Veglína B sé á margan hátt góð en tenging við Möðrudal liggja um ójafnt land og þekkt snjósvæði og sé því ekki heppileg. Veglína C sveigi til suðurs úr Vegaskarði, styttri leiðina mest, sé öruggust, tengist Möðrudalsleið vel, liggja um nokkuð gott vegarstæði og mesti halli utan Vegaskarðs sé um 5,5% upp Jökulkinn. Veglína D sé um 700 m lengri en veglínur B og C og liggja nær öll sú lenging í meiri hæð en 550 m h.y.s, sem sé hæsta svæði sem vegurinn fari um. Fram kemur að veglína C sé valkostur Vegagerðarinnar.

Í framlögðum gögnum kemur fram að veglína C fylgi núverandi legu við upphaf vegarkafans úr Vegaskarði og við enda hans í Langadal en nokkur breyting verði á hæðarlegu til hækkunar á fyrrnefndum köflum m.a. þurfi að fylla í lægðir og skera í hæðir og verði framkvæmdasvæðið því töluvert breiðara en það svæði sem raskað hafi verið við byggingu núverandi vegar. Miðað sé við að setja tvö stálplöturæsi í Skarðsá og eitt í Langadalsá í stað einbreiðra brúa og á móts við stöðvar 13000 -13240 þurfi að flytja farveg Skarðsár. Teknar verði bugður af ánni og hún færð á stað þar sem sést móta fyrir gömlum farvegi sem verði mótaður að nýju og útbúin fyrstaða svo áin renni ekki aftur í núverandi farveg. Gera þurfi rofvarn neðst í fyllingu austan Vegaskarðs til að verja hana ef áin fari úr farvegi sínum í leysingum. Fram kemur að samráð hafi verið haft við eftirlitsfulltrúa Umhverfisstofnunar, veiðimálastjóra, landeigendur og ábúendur vegna fyrirhugaðra farvegsbreytinga. Fram kemur að heildarefnisþörf vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda verði alls um 430.000 m³ þar af komi um 250.000 m³ úr 10 námusvæðum sem staðsett verði meðfram veglínunni og 177.000 m³ úr vegskeringum. Þar að auki sé mögulegt að tekið verði allt að 40.000 m³ efnis úr 3 aukanámu verði efnisþörf meiri en áætlað sé. Efnistökmagn úr hverri námu verði á bilinu 6.000-45.000 m³. Fyrirhuguð efnistökusvæði séu öll á lítt grónu landi og við frágang þeirra verði flutt til efnis í jöðrum náma til að aðlaga þær betur landi. Að efnistöku lokinni verði efnistökusvæði mótuð sem og skeringar þannig að þau falli vel að umhverfinu og líkist sem mest því landformi sem fyrir hafi verið. Haft verði samráð við landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar um frágang efnistökusvæða. Fram kemur að gamli vegurinn verði fjarlægður á 400 m kafla við Svartfell og Langadalsá en annars staðar, þar sem veglínan liggja utan núverandi vegar, sé gert ráð fyrir að hann muni standa áfram. Þar verði kantar vegarins jafnaðir út þannig að hann verði minna áberandi í landinu og núverandi brýr yfir Skarðsá og Langadalsá verði fjarlægðar. Núverandi vegur liggja á löngum köflum í töluverðri fjarlægð frá nýjum vegi og verði almennt lítt áberandi frá honum. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að framkvæmdir hefjist haustið 2003 og standi yfir í 2 ár.

Fram kemur að á framkvæmdatíma muni röskun verða á umferð um svæðið. Vegfarendur muni verða mjög varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð. Ryk og hávaði muni líklega hafa neikvæð áhrif á útivist næst veginum. Að framkvæmdum loknum verði samgöngur hins vegar öruggari þegar einbreiðar brýr hafi verið fjarlægðar og hæðarlega vegarins, breidd og sjónlengdir bætta. Fram kemur að ekki séu neinar þekktar fornleifar innan veglínunnar. Hins vegar sé gömul, vörðuð leið sem lendi innan hugsanlegs svæðis fyrir aukanámu B1. Verði náma B1 notuð verði haft samráð við Minjavörð Austurlands. Fyrirhuguð framkvæmd muni hafa nokkur áhrif á landslag og verði mestu áhrifin þar sem

veglínan liggja utan núverandi vegar og landinu verði skipt upp af núverandi og nýjum vegi og þar sem gera þarf skeringar og fyllingar í landið til að fá góða hæðarlegu á veginn. Engar sjaldgæfar jarðmyndanir hafi fundist á svæðinu en fyrirhuguð framkvæmd muni hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir á námusvæðum og þar sem vegurinn skerist í gegnum landið. Ekki sé kunnugt um veiði í Skarðsá þar sem framkvæmdir séu fyrirhugaðar. Fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa áhrif á fugla við Skarðsá og í votlendi vestan undir Skarðshrygg þar sem verpi álf og tugir heiðagæsa auk algengra mó- og votlendisfugla. Fram kemur að gróður hafi verið skoðaður á nokkrum stöðum á fyrirhuguðu vegarstæði frá Vegaskarði að Svartfelli. Ekki hafi verið um að ræða fullkomna úttekt á gróðri né gerð fullkominna gróðurkorta. Engar sjaldgæfar tegundir eða tegundir sem séu á valista hafi fundist. Þar sem vegurinn liggja utan núverandi vegar sé land víðast lítið gróið nema í nágrenni Skarðsár og á um 20 ha votlendissvæði vestan undir Skarðshrygg. Þar sé tegundafjölbreyttni talsverð a.m.k. miðað við hæð yfir sjó og hafi votlendið hátt verndargildi. Fyrirhuguð veglína muni liggja á fyllingu þvert yfir efri hluta votlendisins á um 180 m kafla og við jaðar þess á um 330 m kafla. Reikna megi með að vatnsflæði í votlendinu breytist og vegurinn muni þurrka upp hluta þess. Gert sé ráð fyrir að um 3,5 % af votlendissvæðinu muni raskast, samtals um 0,70 ha. Fram kemur að endurheimt verði jafn stórt votlendissvæði og það sem raskist en staðsetning þess svæðis hafi ekki verið ákveðin en leitað verði að heppilegum stað á Austurlandi.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Í umsögnum sveitarstjórnar Norður-Héraðs, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Efnistaka

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum sé efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður nái til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærra matsskyld framkvæmd. Í tilkynningu framkvæmdaraðila sé ekki tilgreint flatarmál fyrirhugaðra námusvæða en samkvæmt framlögðum teikningum sem sýni afmörkun svæðanna verði ekki betur séð en að heildarflatarmál þeirra sé yfir fyrrgreindum mörkum. Stofnunin geri að öðru leyti ekki athugasemdir við staðsetningu fyrirhugaðra námusvæða en minni á að leggja verði fram áætlun um efnistöku áður en framkvæmdaleyfi er veitt, sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þar sem m.a. sé gerð grein fyrir frágangi efnistökusvæða sbr. 49. gr. laganna.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í útboðsgögnum sé áætlað að taka minna efni úr nokkrum námum en gert hafi verið ráð fyrir í tilkynningu um matsskyldu. Fram kemur að heildarflatarmál námusvæða sé um 95.000 m² og stærsta námusvæðið, náma B, sé um 22.000 m². Námur D og E liggja á sama jarðmyndunarsvæði og séu samtals 18.000 m² og það sama gildi um námur H og I-1 sem séu samtals 15.000 m². Fram kemur að Vegagerðin geri ráð fyrir að ganga frá öllum námum á svæðinum en að áætlað sé að vinna þurfi efni síðar í námu F í Jökulkinn til viðhalds klæðinga á svæðinu. Um sé að ræða um 3.000 m³ af möluðu efni til viðhalds klæðinga á um 5 ára fresti. Gengið verði frá námunni hverju sinni í

samræmi við frágang náma sem lýst er í framlögðum gögnum.

Gróður-Verndarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að í skýrslu Náttúrustofu Austurlands, sem sé fylgiskjal greinargerðar framkvæmdaraðila, komi fram að þrátt fyrir að hvorki sé að finna sjaldgæf eða sérstæð gróðurlendi á framkvæmdasvæðinu megi telja að allar gróðurvinjar á svo gróðurlitlu svæði sem um ræði hljóti að hafa talsvert gildi, t.d. sem fræuppspretta og geymslustaður þess líffræðilega fjölbreytileika sem þar sé að finna og því meira gildi sem svæðin séu stærri og fjölbreyttari. Bent sé sérstaklega á votlendissvæði við Skarðshrygg en það svæði sé fjölbreyttara en flestar þær gróðurvinjar sem finna megi á þessum slóðum þótt gróðurlendin séu ekki mjög fjölbreytt á heimsmælikvarða. Umhverfisstofnun telur þó ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð áhrif á gróður. Stofnunin telur engu að síður að æskilegast hefði verið að hlífa alfarið votlendinu við Skarðshrygg við raski en að öðrum kosti leggi stofnunin áherslu á að gróðri verði raskað eins lítið og kostur sé og að framkvæmdasvæðið verði skilgreint eins þröngt og frekast sé unnt á votlendissvæðinu við Skarðshrygg. Fram kemur að Umhverfisstofnun fari fram á að haft verði samráð við stofnunina um val á votlendi til endurheimtar, verði vegur lagður um votlendissvæði. Stofnunin bendir á að við framkvæmdirnar beri að hafa í huga ábendingu Náttúrustofu Austurlands þess efnis að jarðvegur á svæðinu sé alls staðar mjög sendinn og megi því búast við að rask í gróðurþekju geti leitt til frekara rofs.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð veglína liggi um votlendi við Skarðshrygg í jaðri tveggja tjarna og að hluta yfir þá þriðju. Við hönnun vegarins hafi veglína verið færð út úr aðaltjarnasvæðinu eftir að niðurstöður fugla- og gróðurskoðana lágu fyrir. Ennfremur hafi vegur þar að auki verið lækkaður lítilega þannig að fláar vegarins liggi allt að 2 m styttra út í votlendið en fram komi í greinargerð. Vegagerðin telji ekki raunhæft að færa veglína norðar og lækka veginn enn frekar til að minnka skerðingu á votlendissvæðinu vegna meiri hættu á snjósöfnun, þar sem land norðan vegarins liggi hærra og ennfremur vegna ríkjandi snjóáátta. Einnig myndi fyrirhugaður vegur falla verr að landi ef skoðað sé í heild samspil beygja og hæðarlegu vegarins í landslaginu. Fram kemur að í útboðsgögnum Vegagerðarinnar verði vinnusvæðið á gróðursvæðum við Skarðshrygg eingöngu skilgreint innan marka fyllingarsvæðis sem verði milli 23 og 30 m breitt og óheimilt verði að athafna sig utan þeirra. Á öðrum svæðum verði verktaka heimilt að athafna sig á um 5 m breiðu svæði utan skeringa og fyllinga. Vegagerðin muni hafa samráð við Landgræðslu ríkisins vegna uppgræðslu á grónum svæðum sem raskist við framkvæmdir.

Vatnafar

Umhverfisstofnun bendir á að gæta beri þess að fyrirhuguð framkvæmd hafi ekki áhrif langt niður eftir Skarðsá, t.d. með gruggmyndun, og að þess verði gætt að áin renni í sem "náttúrulegustum" farvegi eftir að framkvæmdum ljúki. Að mati stofnunarinnar sé eðlilegt að haft verði samráð við embætti veiðimálastjóra vegna framkvæmda þar sem kunnugt sé um veiði neðar í ánni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að samráð verði haft við veiðimálastjóra um framkvæmdir við Skarðsá. Með tilliti til ábendinga veiðimálastjóra muni Vegagerðin gera kröfur í útboðsgögnum um verklag við færslu Skarðsár og ræsagerð þar, þannig að gruggmyndun verði í lágmarki og röskun verði takmörkuð í og við Skarðsá á viðkvæmasta

tíma frá miðjum júní fram til loka september.

Núverandi vegur og lega vegar við Vegahnjúk

Umhverfisstofnun bendir á að í tilkynningu framkvæmdaraðila komi ekki fram hvers vegna aðeins sé fyrirhugað að fjarlægja núverandi veg að hluta til. Stofnunin telji eðlilegt að fjarlægður verði allur sá hluti núverandi vegar sem liggja muni utan við nýja vegstæðið.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Vegagerðin muni fjarlægja um 1 km af núverandi vegi frá Vegaskarði að Möðrudalsvegamótum og um 1 km við Svartfell en um sé að ræða þá kafla þar sem nýr vegur liggja næst og samsíða eldri vegi. Mjög kostnaðarsamt sé að fjarlægja núverandi veg í heild sinni. Því sé gert ráð fyrir að kantar á núverandi vegi á um 7,5 km kafla verði jafnaðir niður þannig að hann verði minna áberandi í landinu. Núverandi vegur nýtist síðan sem reiðleið og auðveldi annað aðgengi að landinu.

Í umsögn Norður-Héraðs er vakin athygli á þeim sjónarmiðum ábúenda á Möðrudal að fyrirhuguð veglína ætti að liggja beinna fram úr Vegaskarði, fjær Vegahnjúk og þar af leiðandi norðar um Skarðsá og fremst í hólum austan hennar að Möðrudalsvegamótum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Vegagerðin hafi skoðað fyrrnefnda veglínu en telji hana ekki eins góðan kost og veglínu C, m.a. þar sem sækja þurfi töluvert meira magn vegna fyllinga í námur, mun meiri truflun verði fyrir umferð á framkvæmdatíma þar sem fyllingar ná meira yfir núverandi veg upp í skarðið, erfiðara verði að koma fyrir stóru stálræsi í Skarðsá í stað núverandi brúar og breyta þurfi farvegi árinna meira. Auk þess falli sú veglína verr að landi þar sem hún sveigi minna með landinu upp í skarðið og fyllingar verði meiri austan við það og mun meira áberandi.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða nýlagningu á 9,7 km kafla Hringvegar frá Vegaskarði í Langadal, Norður-Héraði auk endurbyggingar núverandi vegar á tæplega 2,2 km kafla. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í tilkynningu með matsskyldu í kafla um kosti eru kynntar 4 veglínur, A-D, en fram kemur að Vegagerðin hafi valið veglínu C og miðast umfjöllun í tilkynningu með matsskyldu við þá veglínu og umhverfisáhrif hennar. Skipulagsstofnun lítur því svo á að ákvörðun um matsskyldu fyrirhugaðrar framkvæmdar lúti að lagningu vegar samkvæmt veglínu C. Skipulagsstofnun telur að fyrir liggja þau umhverfisáhrif sem fyrirhuguð veglagning muni hafa í för með sér. Ljóst er að nýlagning vegar, ræsagerð og færsla Skarðsár auk efnistöku á öröskuðu landi mun hafa í för með sér nokkrar ásýndarbreytingar á landslagi sem og rask á jarðmyndunum. Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á jarðmyndunir og landslag verði ekki veruleg og draga megi úr þeim áhrifum með þeim aðgerðum sem kynntar eru í greinargerð og svörum framkvæmdaraðila. Fyrir liggur að efnismagn úr námum og flatarmál námusvæða samtals er yfir þeim viðmiðunarmörkum sem ákvæði töluliðar 21. í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum kveða á um en að ekki sé um efnistöku á sama svæði að ræða í skilningi laganna þar sem námusvæðin séu dreifð á nokkurra km kafla í grennd við fyrirhugaða veglínu. Stofnunin telur að heildarefnistökmagn og

flatarmál þeirra náma sem líta ber á að séu á sama svæði og úr sömu jarðmyndunum sé innan þeirra stærðarviðmiðana sem kveðið er á um í 21. tölulið í 1. viðauka laganna. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd muni óhjákvæmilega valda vegfarendum nokkurri truflun og óþægindum á framkvæmdatíma á þeim köflum vegarins þar sem um endurbyggingu verður að ræða. Skipulagsstofnun tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í skýrslu Náttúrustofu Austurlands, sem er fylgiskjal greinargerðar framkvæmdaraðila, og bent er á í umsögn Umhverfisstofnunar að allar gróðurvinjar á svo gróðurlitlu svæði sem um ræðir hafi talsvert gildi, t.d. sem fræuppspretta og geymslustaður líffræðilegs fjölbreytileika. Skipulagsstofnun telur að eftirsjá sé af því votlendi við Skarðshrygg sem verður fyrir röskun og skerðingu en fellst á þau sjónarmið framkvæmdaraðila sem fram koma í framlögðum gögnum að ekki sé heppilegt að færa veglínu út fyrir votlendissvæðið vegna veðurfarsaðstæðna og vegna verri legu vegarins með tilliti til landslags. Framkvæmdaraðili þarf að hafa samráð við hluteigandi landeigendur og sveitarstjórnir um svæði vegna fyrirhugaðrar endurheimtar votlendis og bera áætlun um endurheimt undir Umhverfisstofnun. Skilgreina þarf framkvæmdasvæði í votlendi við Skarðshrygg þröngt þ.e. ekki verði um rask utan skilgreinds fyllingasvæðis að ræða eins og fram kemur í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar. Halda þarf öllu raski á framkvæmdasvæðinu í lágmarki, og þarf frágangur námusvæða að vera í samræmi við upplýsingar í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og áætlun um efnistöku. Þar sem jarðvegur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er mjög sendinn telur Skipulagsstofnun að búast megi við að rask á gróðurþekju geti leitt til frekara rofs en að áhrifin verði ekki veruleg. Skipulagsstofnun telur eðlilegt að framkvæmdaraðili hafi samráð við Umhverfisstofnun og Landgræðslu ríkisins um uppgræðslu á grónum svæðum sem raskast við framkvæmdir eins og fram kemur í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar. Skipulagsstofnun telur ljóst að töluvert rask verði við framkvæmdir í Skarðsá og telur mikilvægt að staðið verði að framkvæmdum með þeim hætti að gruggmyndun verði haldið í lágmarki til að draga úr hugsanlegum áhrifum á fisk neðar í ánni. Þannig þarf að takmarka rask á tímabilinu frá júní til september eins og fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila. Hafa þarf að öðru leyti samráð við veiðimálastjóra um allar framkvæmdir við Skarðsá.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning Hringveggar frá Vegaskarði í Langadal, Norður-Héraði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Norður-Héraðs skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Framkvæmdin er í samræmi við Svæðisskipulag Miðhálandisins 2015 og getur sveitarstjórn Norður-Héraðs veitt framkvæmdaleyfi á grundvelli þess. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf framkvæmdaraðili að leggja fram áætlun um efnistöku sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þar sem m.a. er gerð grein fyrir frágangi efnistökusvæða sbr. 49. gr. laganna.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 14. nóvember 2003.

Hólfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Norður-Hérað, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Austurlands og Umhverfisstofnun.